Alþingi
Erindi nr. Þ 130/621
komudagur 15.12.2003

LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/félagsmálanefndar,
Austurstræti 8-10.
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 15.12.2003.

Efni: Umsögn um þingsályktun um tillögu um samþykkt Aþjóðavinnumálastofnunar um aðbúnað skipverja, 48. mál.

Við höfum móttekið bréf dags. 19. nóvember 2003 þar sem okkur er send til umsagnar þingsályktun um samþykkt Aþjóðavinnumála-stofnunar um aðbúnað skipverja, 48. mál.

Við lýsum fullri andstöðu við þessa ályktun og því að þessi þjónusta verði fjármögnuð af opinberum gjaldstofni eins og hafnargjöldum. Öll sú þjónusta sem tiltekin er í greinargerðinni með þingsályktuninni er nú þegar til staðar. Engin rök eru færð fyrir því í þessari þingsályktun hversvegna auka beri við þá þjónustu sem fyrir er í samkeppni við aðila sem þegar bjóða þessa þjónustu. Skip koma til hafnar um allt land, því má spyrja um ástæðu þess að lagt sé til að þessi þjónusta verði eingöngu í Reykjavík og sé niðurgreidd af opinberum gjöldum.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Sveinn Hjörtur Hjartarson